

VI. HEIMILD TIL BREYTINGA

204

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í þessari gjaldskrá, um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi hreppsnefndin breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

26. nóv.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá rafveitunnar, nr. 86 16. október 1929, ásamt síðari breytingum, og bráðabirgðagjaldskrá nr. 147 13. júlí 1950.

Atvinnumálaráðuneytið, 26. nóvember 1951.

Hermann Jónasson.

Forv. K. Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

205

28. nóv.

um vernd barna og ungmenna í Suðureyrarbarbarnaskólahverfi.

1. gr.

Í umdæmi barnaverndarnefndar Suðureyrarhrepps er bannað að selja börnum og unglíngum innan 16 ára aldurs tóbak, gefa þeim það eða stuðla að því, að þau neyti þess.

2. gr.

Bannað er að selja börnum innan 12 ára aldurs:

- a. Öl og gosdrykki til neyzlu inni í verzlunum;
- b. spýtubrjóstsýkur;
- c. aðrar þær sөлgætisvörur, sem að dómi héraðslæknis og barnaverndarnefndar geta talizt óhollar börnum og unglíngum.

3. gr.

Engar leiksýningar, kvikmyndasýningar eða aðrar opinberar skemmtanir, sem börnum og unglíngum er ætlaður aðgangur að, má halda, nema barnaverndarnefnd hafi verið gefinn kostur á, að kynnast efni þeirra, og ákveður hún þá, að því athuguðu, hvort börnum og unglíngum skuli leyfður aðgangur að þeim.

4. gr.

Börn á barnaskólaaldri mega ekki vera á almannaþæri eftir kl. 21 á tímabilinu frá 15. september til 15. apríl, og ekki eftir kl. 23 á öðrum tíma árs, nema í fylgd með fullorðnum. Unglíngar innan 16 ára aldurs mega ekki vera á almannaþæri eftir kl. 22 á tímabilinu frá 15. sept. til 15. apríl og ekki eftir kl. 24 á öðrum tíma árs, nema með sömu skilyrðum og í 1. málsgrein segir. Foreldrum eða forráðamönnum ber að sjá um, að ákvæðum þessum sé framfylgt.

5. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varðar sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum. Auk refsingar má beita réttindasviptingu samkv. almennum hegningarlögum nr. 19/1940, ef miklar sakir eru.

Í menntamálaráðuneytinu, 28. nóvember 1951.

Björn Ólafsson.

Birgir Thorlacius.